



## Sjálfsmatsaðferðir

Við viljum vekja athygli á því að menntamálaráðuneytið var að senda frá sér úttekt á sjálfsmatsaðferðum í grunnskólum en í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að hver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólustarfs. Sjá úttektina hér.

## Það eru líka alvarleg eineltismál í framhaldsskólum

Samtökin Heimil og skóli vilja minna á eftirfarandi: Brýnt er að allir skólar á landinu hafi virka eineltisáætlun og eru framhaldsskólarnir ekki undanskildir. Allir þurfa að vita hvað gera á þegar upp kemur einelti og mikilvægt að kennarar foreldrar og nemendur viti hvert þeir geta snúið sér með vandamál sín hvort heldur nemendur eru gerendur eða þolendur eineltis. Fræða þarf alla aðila um hvað einelti er, hve mikið er í húfi og hvernig hægt er að vinna gegn því með samstöðu og samvinnu heimilis og skóla. Það verður best gert með því að vinna eftir skipulagðri eineltisáætlun sem sýnt hefur verið fram á að skili árangri, hafa skýr, skrifleg viðurlög sem farið er eftir.

## Ekki má sofna á verðinum

Í haust birtust fréttir frá mörgum sveitarfélögum þess efnis að hafin væri vinna við að útbúa ferla og skipulag til að mæta erfiðleikum foreldra svo bág staða fjölskyldna hafi ekki áhrif á skóla- og íþróttastarf barnanna. Eitthvað virðast menn nú hafa sofnað á verðinum þar sem nú hefur orlað á umræðu um að skera þurfi niður og hagræða í skólustarfi með því að fjölga í bekkjum og fækka kennurum. Hugsanlega kann að vera að einhvers staðar megi hagræða með þeim hætti en álagið á starfsfólk skólanna var mikið fyrir og hefur aukist umtalsvert síðustu mánuði – sú staðreynd blasir við okkur. Þess vegna er mikilvægt að sveitarfélögin hugsi sig tvisvar um og horfi til framtíðar áður en ráðist er í slíkar aðgerðir. Afleiðingarnar geta vissulega orðið afdrifaríkar. Þá er frumskilyrði að foreldrar séu upplýstir og hafðir með í ráðum frá byrjun breytingaferlisins þegar kemur að svona veigamiklum ákvörðunum.

## Foreldraverðlaunin 2009

### Síðasti skiladagur tilnefninga er 30. apríl

Við minnum á að Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra verða veitt 4. júní 2009 í 14. sinn. Að auki verða veitt hvatningarverðlaun til einstaklinga og stofnana ef tilefni þykir til.

Leitað er eftir tilnefningum um einstaklinga, félög, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög eða skóla á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem stuðlað hafa að:

- árangursríkum leiðum við að efla samstarf foreldra og kennara
- jákvæðum hefðum í samstarfi heimila og skóla
- því að brúa bilið milli foreldra og nemenda
- öflugum samstarfi innan nærsamfélagsins um velferð barna

Senda skal inn tilnefningar á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á slóðinni: <http://www.heimiliogskoli.is/foreldraverdlaun2009/tilnefningar/> Síðasti skiladagur tilnefninga er 30. apríl 2009.



Vorboðinn ljúfi

## Velferð barna og ungmenna grundvallaratriði í starfi skóla

Í nýjum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla er velferð barna og ungmenna skilgreind sem grundvallaratriði í starfi skóla. Í markmiðsgreinum þessara laga kemur fram að hlutverk skólanna sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi.

Áhersla á velferð nemenda, alþjóðlegt samstarf um borgaravitund og mannréttindi í menntun og ný framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um eflingu mannréttindafræðslu bera vitni um þá vitundarvakningu sem átt hefur sér stað á undanförunum árum um mikilvægi þess að nemendur fái tækifæri til að styrkja sjálfa sig til að vera betur undir það búinir að takast á við áskoranir daglegs lífs í sífellt breytilegum og flóknari heimi. Sjá nánar hér:

## Heimili og skóli óska náms- og starfsráðgjöfum til hamingju.

Einum stærsta áfanga í sögu náms- og starfsráðgjafar hefur verið náð með tilkomu nýsamþykkrta laga um náms- og starfsráðgjafa. Lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa mun vafalaust efla enn frekar gæði og metnað í störfum náms- og starfsráðgjafa í landinu, nemendum og öðrum skjólstaðingum til heilla.

Landssamtökin fagna því að sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa geti í skjóli lögverndunar verið þess fullviss að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskilda menntun og fagþekkingu.